



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 4/2011

Leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi)
samtryggingadeilda lífeyrissjóða

Ekki í gildi

Gefin út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Reykjavík, 12. desember 2011

Efnisyfirlit

1. Tilgangur.....	3
2. Gildissvið og endurskoðun.....	3
3. Yfirsýn stjórnenda og starfshættir við eftirlit	4
4. Góðar venjur við eigna- og áhættustýringu	5
5. Greining og mat á áhættum	5
5.1. Fjárhagsleg áhætta	7
5.1.1 Skuldabréf	7
5.1.2 Hlutabréf.....	8
5.1.3 Hlutdeildarskírteini.....	8
5.1.4 Áhættumæling við ofangreinda eignaflokka	8
5.2. Gjaldmiðlaáhætta.....	9
5.3. Tryggingafræðileg staða – álagspróf.....	9
5.4. Rekstraráhætta	10
5.4.1 Útvistun	10
6. Reglur og verkferlar	10
7. Innra eftirlit.....	11
8. Hlítingarskýrslur (e. compliance).....	12
9. Afleiðunotkun lífeyrissjóða	12

Viðauki I Skilgreining hugtaka

Viðauki II Úttekt á stýringu fjarhagslegrar áhættu

1. Tilgangur

1. Með fullnægjandi áhættustýringu og innra eftirliti hjá lífeyrissjóðum aukast líkur á að starfsemi og tryggingafræðileg staða þeirra sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum sjóðfélaga. Á þetta bæði við um sjóði með og án ábyrgðar launagreiðenda. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að stuðla að styrkingu á þessum þáttum í starfsemi lífeyrissjóða með útgáfu leiðbeinandi tilmæla.

2. Eftirfarandi leiðbeinandi tilmæli varða heildar áhættustýringu (eftirlitskerfi) fyrir samtryggingadeildir lífeyrissjóða. Taka þarf tillit til stærðar hvers sjóðs, mannafla og einkenum við mat á hæfilegu umfangi áhættustýringar (e. proportionality). Í tilmælunum er lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Stuðst hefur verið við gögn og tilmæli meðal annars frá: CEIOPS, 2009, Report on risk management, OECD/IOPS, 2011 Good practices for pension fund's risk management og frá Global Association of Risk Professionals.

3. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn lífeyrissjóðs móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Einnig er kveðið á í reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða, að stjórnin skuli setja sér markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu. Samkvæmt framansögðu ber lífeyrissjóðum lagaleg skylda til að koma upp virkri áhættustýringu auk þess sem almenn viðskipta- og neytendasjónarmið kalla á hana.

4. Áhætta er skilgreind sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Nær þessi áhætta bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum.

2. Gildissvið

5. Tilmælin gilda fyrir samtryggingadeildir lífeyrissjóða og eru leiðbeinandi um áhættustýringu þeirra. Taka þarf tillit til stærðar hvers sjóðs og mannafla við mat á hæfilegu umfangi áhættustýringar. Í tilmælunum er lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Tilmælin taka gildi 1. janúar 2012.

3. Yfirsýn stjórnenda og starfshættir við eftirlit

6. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðs er m.a. að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfseminni, og að setja ásættanleg mörk fyrir þessar áhættur. Stjórn lífeyrissjóðsins ber hina endanlegu ábyrgð á því að fullnægjandi áhættustýring (e. effective risk management) sé ávallt til staðar er innihaldi skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmdastjóri fylgist með að þessir ferlar og verlag sé skilvirkt.


7. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að með heildar áhættustýringu séu þróaðar aðferðir til að greina, mæla, fylgjast með, meta og stýra þeim áhættum sem starfseminni fylgja ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Hann skal viðhalda skipuriti sem tilgreini skýrt ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir, og tryggi að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Hann á einnig að móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit og að fylgist með að eftirliti sé fullnægjandi og skilvirkt.

8. Mikilvægt er að stjórn og framkvæmdastjóri stuðli að góðu siðferði og góðum starfsháttum innan sjóðsins. Ennfremur þurfa þessir aðilar að koma á starfsanda (e. risk culture) sem leggur áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits. Starfsfólk þarf að hafa skilning á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirliti og taka fullan þátt í því.

9. Eitt af meginhlutverkum stjórnar lífeyrissjóðs er að móta fjárfestingastefnu sjóðsins. Samhliða þeirri vinnu er talið mikilvægt að stjórn móti meginreglur og markmið með langtíma fjárfestinga- og áhættustefnu til að minnsta kosti þriggja ára er innihaldi helstu ferla heildar áhættustýringar varðandi eigna- og skuldbindingajöfnun sjóðsins. Fjárfestingastefnu til eins árs skal skilað til Fjármálaeftirlitsins ár hvert á þar til gerðu eyðublaði, ásamt greinargerð, samanber reglugerð um fjárfestingastefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða. Við mótnun fjárfestingarstefnunnar er mikilvægt að stjórnin, geri sér í upphafi grein fyrir áhættuþoli og síðar áhættuvilja (e. risk appetite) í hverjum eignaflokki. Settar séu upp sviðsmyndir af áhættuþáttum sem fylgja mismunandi samsetningu helstu eignaflokka. Kortlagt sé samspil milli áhættu og ávöxtunar t.d. með framfallsgreiningu (e. effective frontier). Fjárfestingarstefna sjóðsins skal vera skýr og tilgreina nákvæmlega í hvaða eignaflokkum honum er heimilt að fjárfesta og hversu hátt hlutfall hver eignaflokkur má vera af heildareignum sjóðsins. Stjórn ber að hafa eftirlit með fjárfestingum sjóðsins og að þær séu í fullu samræmi við fjárfestingarstefnu og lög, hér eftir nefnt hlítung. (e. compliance).

10. Virk upplýsingagjöf, til stjórnar, sé til staðar er gefi til kynna þegar fjárfestingar sjóðsins fara út fyrir fjárfestingarstefnu hans eða fjárfestingaheimildir laga, sk. hlítung. Upplýsingagjöf þessi skal fela í sér a.m.k. ársfjórðungslega yfirferð yfir fjárfestingar sjóðsins.

11. Áhættustýring eignaflokka sjóðsins skal vera í samræmi við þá áhættu sem gert er ráð fyrir í fjárfestingarstefnu sjóðsins og skal a.m.k. taka til eftirfarandi þátta.



4. Góðar venjur við eigna- og áhættustýringu

12. Stjórn og starfsmenn lífeyrissjóða skulu ávallt starfa þannig að hagsmunir allra sjóðfélaga séu teknir fram yfir aðra hagsmuni. Stjórn sjóðsins markar stefnu og hefur eftirlit með framkvæmd sjóðsins. Stjórn og starfsmenn skulu starfa af heiðarleika, gegnsæi, varfærni, hagkvæmni og öryggi fyrir alla sjóðfélaga. Skipting ábyrgðar og verka á milli stjórnar, stjórnenda og þjónustuaðila skal vera skýr.

Ekki í gildi

13. Leitast skal við að halda sem mestri aðgreiningu milli þeirra starfa er mæla áhættur í starfsemi sjóðsins (áhættueftirlit) og þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum fyrir sjóðinn.

14. Fyrir hverja deild skal vera skýr stefna er varðar áhættumarkmið (viðmið) og skulu bæði starfsmenn og stjórn hafa eftirlit með að sjóðurinn haldi sig innan þeirra markmiða. Skipting ábyrgðar og verka á milli stjórnar, stjórnenda og þjónustuaðila skal ávallt liggja fyrir og vera skýr.

5. Greining og mat á áhættum

15. Flokkunin sem hér fer á eftir byggist á eðli áhættunnar, en mikilvægt er að hafa í huga að áhætta er breytilegt ástand en ekki stöðugt. Því verða lífeyrissjóðir að meta það á hverjum tíma hvar þeir telja að mesta áhættan liggji í rekstri sjóðsins og haga aðgerðum í takt við það mat.

16. Flokkunin byggir á gögnum frá GARP (Global Association of Risk Professionals) og IAA (alþjóðasamtökum tryggingastærðfræðinga - International Actuarial Association) með aðlögun að starfsemi lífeyrissjóða. Skýringar og skilgreiningar byggja ýmist á lögum eða fræðibókum og færa má fyrir því rök að sumir áhættuþættir geti fallið undir aðra meginflokka en þá sem tilgreindir eru.

Það er undir hverjum lífeyrissjóði komið að haga flokkun áhættupátta eftir starfsemi sinni.

17. Áhættupættir eru settir í fjóra meginflokka. Sem dæmi eru skilgreindir hér fyrir neðan alls 29 áhættupættir í rekstri lífeyrissjóða.*

<p>Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) Hætta á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vaxtaáhætta • Uppgreiðsluáhætta • Markaðsáhætta- verðbréf með breytilegar tekjur, hlutabréf og verðbréfasjóðir • Gjaldmiðlaáhætta • Ósamræmisáhætta • Verðbólguáhætta • Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings 	<p>Mótaðilaáhætta Hætta á því að gagnaðili fjármála-gernings uppfylli ekki ákvæði hans.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útlánaáhætta (e. Credit risk) • Samþjöppunaráhætta • Landsáhætta • Afhendingaráhætta • Uppgjörsáhætta
<p>Lífeyristryggingaráhætta Hætta á því að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar (greitt lífeyri).</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skerðingaráhætta • Iðgjaldaáhætta • Umhverfisáhætta • Lýðfræðileg áhætta • Réttindaflutningsáhætta • Lausafjáraáhætta • -Seljanleikaáhætta • -Útstreymisáhætta 	<p>Rekstraráhætta Áhætta vegna taps sem er afleiðing af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, starfsmönnum, kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Starfsmannaáhætta • Áhætta vegna svika • Áhætta vegna upplýsingatækni • Orðsporsáhætta • Pólítísk áhætta/lög og reglur • Skjalaáhætta • Úrskurðaráhætta lífeyris • Áhætta vegna útvistunar • Upplýsingaáhætta

Ekki í gildi

18. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu undirliggjandi áhættupáttum er fram koma í ofangreindri töflu og hvaða þætti ráðlagt er að mæla.

* Sjá einnig ítarefni um flokkun áhættupátta útgefið af Landssamtökum Lífeyrissjóða des. 2010. www.ll.is

5.1. Fjárhagsleg áhætta

19. Gera verður ráð fyrir að það sé eðlilegur þáttur í starfsemi lífeyrissjóða að innleiða verkferla og vinnulag sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna með hliðsjón af eignasafninu á hverjum tíma. Með því er stjórnendum lífeyrissjóða gert kleift að meta með nákvæmum hætti virði eignasafnsins og undirliggjandi áhættur í safninu.

20. Lífeyrissjóðir skulu nota áhættustýringu (e. risk control) sem aðlöguð hefur verið að áhættustigi sjóðsins eða deildar, ef það á við, þannig að þær áhættur sem eiga við séu mældar fyrir viðkomandi sjóð.

i) aðferðin við mælingu áhættu skal vera órjúfanlegur hluti af reglulegu áhættustýringarferli. Þetta áhættustýringarferli skal nota sem grundvöll til að greina stjórnendum frá áhættupáttum.

ii) á vegum sjóðsins skal vera starfsemi er sinnir áhættueftirliti og heyrir beint undir stjórn sjóðsins eða framkvæmdastjóra. Sú eining skal geta lagt fram skýrslur, milliliðalaust til stjórnar, um sínar niðurstöður og lagt til viðeigandi ráðstafanir varðandi fjárfestingartakmarkanir.

iii) Skýra skal stjórn sjóðsins frá niðurstöðum áhættueftirlits að lágmarki ársfjórðungslega.

Ekki í gildi

iv) Lífeyrissjóður skal hafa á að skipa hæfu starfsfólki til að sinna áhættueftirliti og -stýringu.

v) Lífeyrissjóður skal fylgja föstum starfsreglum við að tryggja og framfylgja skriflegri stefnu og eftirliti að því er varðar áhættumat.

vi) Lífeyrissjóður skal reglulega gera úttekt á skipulagi og virkni stýringar á fjárhagslegri áhættu. Mælst er til að slík úttekt nái m.a. til þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í viðauka II.

21. Lífeyrissjóði er heimilt að útvista áhættustýringu til annars aðila. Við ákvörðun um útvistun skal taka tillit til áhættupátta í starfsemi þess aðila sem útvistað er til. Ábyrgðin á áhættustýringu er eftir sem áður hjá lífeyrissjóðnum.

5.1.1 Skuldabréf

22. Meta skal áhættu sem fylgir stærstu útgefendum í heildarsafni skuldabréfa, hvort sem átt er við ríkisskuldabréf, skuldabréf útgefið af sveitarfélagi eða önnur skuldabréf. Mikilvægt er að sett séu markmið um skuldaráhættu. Þetta á bæði við um skráð og óskráð skuldabréf. Taka skal tillit til eftirfarandi áhættupátta í þessu sambandi:

Mótaðilaáhætta

23. Við mat á heildar mótaðilaáhættu skal meta mótaðilaáhættu stærstu útgefenda m.t.t. líkinda á greiðslufalli að einhverju eða öllu leyti. Einnig skal taka tillit til samþjöppunaráhættu við fjárfestingar í skuldabréfum, samanber 5. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Einkunnagjöf

24. Ef fjárfestingastefna sjóðsins gerir ráð fyrir einkunnagjöf skuldabréfa er æskilegt að setja henni ákveðin mörk. Þetta á bæði við um innlend og erlend skuldabréf.

5.1.2 Hlutabréf

25. Meta skal áhættu sem fylgir hlutabréfaeign með hliðsjón af heildarsafni hlutabréfa, hvort sem hlutabréfin eru skráð á markaði eða ekki. Taka skal tillit til eftirfarandi áhættupátta í þessu samhengi:

Markaðsáhætta

26. Þar sem verðmæti hlutabréfa getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti verður að taka tillit til bæði markaðsáhættu og sértækrar áhættu sem tengist félaginu sjálfu, svo sem sérstöku starfsumhverfi eða fylgni við vöxt hagkerfis. Meta skal markaðsáhættu stakra hlutabréfa með hliðsjón af hlutabréfasafninu í heild sinni.

Ekki í gildi

Eftirlit með eignum

27. Meta skal staðalfrávik hlutabréfasafnsins í heild sinni ef það er talinn raunhæfur mælikvarði. Þegar ávöxtun hlutabréfs vikur mjög frá meðalafkomu safnsins skal meta hvort það samræmist áhættuviðmiðunum sjóðsins.

5.1.3 Hlutdeildarskírteini

28. Meta skal fjárfestingar í verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestingsjóðum með tilliti til þess í hverju viðkomandi sjóður hefur heimild til þess að fjárfesta. Yfirleitt teljast fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða áhættuminni en stakar fjárfestingar t.d. í hlutabréfum, en meta þarf áhættuna í samræmi við heildarfjárfestingar lífeyrissjóðsins.

29. Fara skal yfir þá eignaflokka sem verðbréfasjóðurinn fjárfestir í og áhættustig þeirra og meta stefnu sjóðsins í samanburði við heildarfjárfestingar lífeyrissjóðsins.

5.1.4 Áhættumæling við ofangreinda eignaflokka

30. Lífeyrissjóður skal meta áhættu fyrir skuldabréf, hlutabréf og hlutdeildarskírteini sem fjárfest er í og bera saman hvort hún samræmist áhættumarkmiðum lífeyrissjóðsins.

5.2. Gjaldmiðlaáhætta

31. Æskilegt er að lífeyrissjóður setji sér markmið um áhættutöku í erlendum gjaldmiðlum en sbr. 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 skal takmarka áhættu í þeim í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins, því fylgir áhætta að eiga eignir í erlendum gjaldeyri án tillits til markaðsáhættu á viðkomandi markaði. Áhættan er fólgin í gengisflökti ISK við helstu myntir og samdreifni (e. covarians) milli þeirra. Lífeyrissjóðir skulu setja sér markmið og móti stefnu um áhættutöku með eignum í erlendri mynt. Mælst er til þess að á þriggja mánaða fresti meti þeir samdreifni helstu gjaldmiðla og áhættu sem fylgir eignum í erlendum gjaldmiðlum, til dæmis með útreikningi fyrir virði í vá (e.VaR) sem hlutfall (%) af eignasafninu, miðað við vægi mynta í eignasafni sjóðsins. Mælst er til að útreikningarnir séu miðaðir við 99,5% öryggismörk. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að lífeyrissjóðir meti með þessum hætti þá áhættu sem felst í að eiga eignir í erlendum gjaldmiðlum án tillits til markaðsáhættu.

5.3. Tryggingafræðileg staða – álagspróf

32. Endanleg áhætta lífeyrissjóðs felst í því hvort verulegar líkur séu á því að lífeyrissjóður geti ekki staðið við skuldbindingar, til skemmri eða lengri tíma, gagnvart sjóðfélögum. Í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár.

33. Framkvæma skal árlega álagspróf á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða án ábyrgðar og meta hvort staðan verði undir -10% eftir að hver neðangreindra álagsþátta hefur verið metinn. Lífeyrissjóðir með ábyrgð launagreiðenda skulu meta hvort hver og einn álagsþátta geti leitt til þess að mismunur eigna og skuldbindinga aukist um 15% eða meira. Álagsprófið skal sent inn til Fjármálaeftirlitsins sem viðhengi með skýrslu um tryggingafræðilega athugun og unnið í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins.

34. Við álagsprófið skal a.m.k meta áhrif eftirfarandi þátta:

Lækkun skráðra/óskráðra innlendra hlutabréfa	Lækkun skráðra/óskráðra erlendra hlutabréfa
Lækkun innlendra hlutdeildarskírteina	Lækkun erlendra hlutdeildarskírteina
Lækkun innlendra/erlendra markaðskuldabréfa	Lækkun sjóðfélagalána
Lækkun GVT (styrking ISK)	Verðbólga (hækkun VNV)
Hækkun skuldbindinga vegna vaxtalækkunar til núvirðingar.	Hækkun skuldbindinga v/breytinga á tryggingafræðilegum forsendum

5.4. Rekstraráhætta

35. Til að fylgjast með rekstraráhættu er nauðsynlegt að kortleggja þær áhættur sem fylgja daglegum rekstri. Tap vegna rekstraráhættu getur orðið vegna ófullnægjandi innri verkferla, kerfa og vegna ytri atburða og starfsmanna. Meta skal a.m.k. eftirfarandi þætti sem rekstraráhættu:

- 1) Áhætta vegna starfsmanna: Uppsagnir eða fjarvistir starfsmanna og of fámennt starfslið geta leitt til rekstrarerfiðleika.
- 2) Áhætta vegna svika: Svik starfsmanna geta átt sér stað. Huga skal að aðskilnaði starfa og aðgangsstýringum að kerfum.
- 3) Orðsporsáhætta: Hætta er á fjárhagslegu tjóni ef orðspor sjóðs bíður hnekki. Stjórnendur sjóðsins skulu vera meðvitaðir um helstu þætti orðsporsáhættu og hvernig þeir tengjast öðrum áhættuþáttum sjóðsins.
- 4) Upplýsingatækni: Áhætta vegna bæði hugbúnaðar og vélbúnaðar.
- 5) Lög og reglur: Aðgerðir dómstóla og eftirlitsstofnana.
- 6) Útvistun: Sjóðurinn meti áhættu sem útvistunarsamningar fela í sér.

5.4.1 Útvistun†

36. Þrátt fyrir útvistun á starfsemi eða stökum verkþáttum lífeyrissjóðsins verður endanleg ábyrgð eftir sem áður hjá stjórn sjóðsins. Til að fylgjast með áhættuþáttum í útvistaðri starfsemi verður stjórnin að ganga úr skugga um, áður en gengið er til samninga, að þjónustuaðilinn sem útvistað er til hafi fullnægjandi eftirlit með áhættuþáttunum. Þjónustusamningur skal innihalda ákvæði um hvernig reglulegt eftirlit af hálfu sjóðsins fari fram. Einnig skal tryggja að þjónustuaðilinn veiti nauðsynlegan aðgang að starfsstöð sinni og viðeigandi gögnum, þegar þess er óskað. Við val á þjónustuaðila skal móta lágmarkskröfur um eftirfarandi: Fjárhags- og tæknilegan styrk, upplýsingaöryggi, upplýsingagjöf, innra eftirlit og verkferla.

Stjórn sjóðsins skal ganga úr skugga um að ákvarðanir um útvistun séu byggðar á viðskiptalegum forsendum, en ekki á stjórnunartengslum eða öðrum hagsmunatengslum.

6. Reglur og verkferlar

37. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að reglur og ferlar séu innleiddir um a.m.k. eftirfarandi þætti:

Stjórn	Lífeyris og iðgjaldasvið
<ul style="list-style-type: none"> • Siða- og starfsreglur 	<ul style="list-style-type: none"> • Lífeyrisúrskurðir/-greiðslur

† OECD/IOPS Good practices for pension fund's risk management systems, january 2011

<ul style="list-style-type: none"> • Reglur um verðbréfavíðskipti 	<ul style="list-style-type: none"> • Skráning iðgjalda • Endurgreiðsla iðgjalda
<p>Fjárfestingasvið</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mótun fjárfestingastefnu • Fjárfestingaferill • Sjóðfélagalán • Peningapvætti • Verðbréfavíðskipti starfsmanna • Heimildir og uppáskriftir 	<p>Fjármál, rekstur og starfsmannamál</p> <ul style="list-style-type: none"> • Innheimtu- og vanskilareglur • Bókhald • Heimildir og uppáskriftir • Almennar reglur fyrir starfsmenn: <ul style="list-style-type: none"> • Siðareglur • Upplýsingaöryggi • Meðferð kvartana • Upplýsingagjöf milli starfsmanna • Verklagsreglur um lykilstarfsmenn

38. Eftirlitsaðgerðir þurfa að vera óaðskiljanlegur hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Virkt innra eftirlitskerfi útheimtir viðeigandi eftirlitsskipulag með skilgreindum eftirlitsaðgerðum á öllum stigum starfseminnar. Aðgerðirnar skulu innifela yfirferð á æðsta stjórnunarstigi og viðeigandi eftirlitsaðgerðir fyrir mismunandi deildir eða svið svo sem athuganir á því hvort áhættumarkmið og viðmið séu virt, og einnig beinast að því að skoða eftirfylgni vegna frávika frá reglum sem og athuganir á samþykktar- og afstemmingarkerfum. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur séu vel upplýstir um reglur og ferla sjóðsins og að þeim sé markvisst fylgt eftir.

7. Innra eftirlit

39. Samkvæmt 8. tl. 29. gr. laga nr. 129/1997 skal stjórn móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla. Tilgangur innra eftirlits er að veita hæfilega vissu um að lífeyrissjóður nái eftirtöldum markmiðum:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni
- Áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar
- Hlíting við lög og reglur (e. compliance)

40. Innra eftirlit er háð mannlegum takmörkunum eins og mistökum, kæruleysi starfsmanna, ásetningi í að sniðganga reglur sjóðsins og ófyrirsjáanlegum atvikum.

41. Til að fá heildstæða mynd af virku innra eftirliti er mælt til þess að lífeyrissjóðir skilgreini innra eftirlit með þrívíðri mynd, eins og t.d. í anda COSO skýrslunnar[‡] þar sem reynt er að tengja saman markmið, eftirlit og starfsþætti.

42. Innra eftirlit er greint í fimm meginþætti sem eru innbyrðis tengdir og geta endurspeglað stjórnun sjóðsins:

- **Eftirlitsumhverfi**, það stjórnskipulag sem gildir fyrir lífeyrissjóð ásamt viðhorfi stjórnanda til eftirlitspátta og mikilvægis þeirra.
- **Áhættumat** er greining á því sem getur ógnað settum markmiðum sjóðs og skapar grundvöll að viðeigandi viðbrögðum.
- **Eftirlitsaðgerðir** fela í sér hluta af verklagsreglum og verkferlum og er þeim ætlað að bregðast við þeirri áhættu sem getur ógnað því að sjóðurinn nái settum markmiðum.
- **Upplýsingar og samskipti** eru lykilþáttur í allri starfsemi sjóðs þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.
- **Stjórnendaeftirlit** felst í vöktun á innra eftirliti til að tryggja virkni þess og að það henti markmiðum sjóðsins á hverjum tíma.

43. Sem lið í innra eftirliti telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að almennir starfsmenn lífeyrissjóðs hafi öruggan vettvang þar sem þeir geta komið nafnlaust á framfæri upplýsingum (e. whistleblowers), ef þeir telja að um misferli sé að ræða í starfsemi sjóðs. Formaður endurskoðunarnefndar gæti verið heppilegur tengiliður starfsmanna sem vilja koma á framfæri ábendingum um misferli eða alvarlega vanrækslu í starfsemi sjóðsins.

8. Hlítingarskýrslur (e. compliance)

44. Mikilvægt er hverjum lífeyrissjóði að hafa góða yfirsýn yfir hversu vel tekst að hlíta settum lögum, reglum og fjárfestingastefnu. Fjármálaeftirlitið leggur til að við hver skýrsluskil um sundurliðun fjárfestinga sé stjórn lífeyrissjóðsins upplýst um frammistöðu (hlítingu) gagnvart fjárfestingaheimildum laga og fjárfestingastefnu sjóðsins. Mælt er með að lífeyrissjóðir komi sér upp einkunnakerfi um hlítingu. Ef fjárfestingaheimild er að fullu nýtt eða komin umfram heimildir skal gera stjórn sjóðsins sérstaklega grein fyrir ástæðum þess og til hvaða ráðstafana verður gripið svo fjárfestingar séu innan lagaheimilda og eða innan fjárfestingastefnu.

9. Afleiðunotkun lífeyrissjóða

45. Lífeyrissjóðum er heimilt, skv. 10. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, að beita afleiðum í þeim tilgangi að draga úr áhættu. Mikilvægt er að heimild til

[‡] Enterprise Risk Management-Integrated Framework, The Committee of Sponsoring Organization (COSO), september 2004. Innra eftirlit-Mikilvægur þáttur í stjórnarháttum fyrirtækja, Pricewaterhouse Coopers hf. nóvember 2008.

notkunar afleiða komi fram í fjárfestingastefnu og sé einnig til staðar í reglum sjóðsins. Lagt skal mat á áhættu sem tengist hverri afleiðu og áhættuviðmið skilgreind. Gæta þarf þess að notkun hverrar afleiðu tengist með afgerandi hætti ákveðinni eign eða eignaflokkum í eigu sjóðsins svo ljóst sé að notkun hennar tengist þeim eina tilgangi að draga úr áhættu. Lífeyrissjóðum er einnig heimilt að beita afleiðum til að draga úr áhættu vegna skuldbindinga sjóðsins. Eftirfarandi dæmi um notkun afleiða eru í samræmi við heimildir laga nr. 129/1997 :

Gjaldmiðlaáhætta:

- 1) Gjaldmiðlaáhætta varin með framvirkum samningum (íslenskar krónur keyptar framvirkt). Æskilegt er að lífeyrissjóðir setji sér markmið um hversu stór hluti af erlendu eignasafni sé varinn á hverjum tíma.
- 2) Mótsamningar samkvæmt lið 1 (lokar afleiðustöðu).
- 3) Gengiskrossar til þess fallnir að færa erlent eignasafn nær gengisvog Seðlabanka Íslands (GVT).

Skuldbindingaáhætta:

- 4) Framvirkir samningar eða valréttir er tengjast skuldbindingaáhættu sjóðsins, t.d. með verðtryggð verðbréf.

Vaxtaáhætta:

- 5) Vaxtaskiptasamningar til þess fallnir að draga úr áhættu vegna eigna eða skuldbindinga sjóðsins.
- 6) Söluréttir.

Ekki í gildi

46. Til að takmarka lausafjárahættu og mótaðilaáhættu skal leitast við að halda markaðsvirði afleiðusamninga (nettó) innan við 10% af hreinni eign sjóðsins og 5% hjá sama útgefanda (mótaðila).

47. Afleiður sem lífeyrissjóður stofnar til eða kaupir skulu að öðru leyti uppfylla skilyrði d- liðar 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Með fjárfestingu í samsettum fjármálaafurðum með afleiðutengingu, skal huga sérstaklega að því að sú tenging sé til þess fallin að draga úr áhættu. Nauðsynlegt er að þeir starfsmenn sem sjá um afleiðuvíðskipti lífeyrissjóðs hafi til þess upplýsingakerfi og nægjanlega þekkingu til að meta, með gagnsæjum hætti, áhrif afleiðna á rekstur sjóðsins.

Reykjavík, 12. desember 2011

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

Gunnar Þ. Andersen

Ragnar Hafliðason

Viðauki I

Skilgreining hugtaka í leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu lífeyrissjóða

Áhætta (e. risk)

Hættan á atburði sem eykur marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma.

Áhættustefna

Stefnumarkandi yfirlýsing um hversu mikla og hvaða áhættu lífeyrissjóður er tilbúinn að taka til að ná markmiðum sínum. Í áhættustefnu skal greina frá umfangi heildar áhættustýringar hjá lífeyrissjóðnum.

Stjórn ber ábyrgð á því að móta áhættustefnu og sjá til þess að virk heildar áhættustýring sé til staðar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd heildar áhættustýringar þ.e. greiningu, mati og upplýsingagjöf til stjórnar. Æskilegt er að eignastýring og áhættueftirlit sé ekki á höndum sama aðila.

Heildar áhættustýring (e. risk management)

Heildar áhættustýring lífeyrissjóðs er skilgreind sem eftirlitskerfi, sem felur m.a. í sér reglur, verkferla og verklag sem sameiginlega miða að því að greina, mæla, meta, stýra og fylgjast með áhættu í starfsemi lífeyrissjóðs.

Áhættustýring (e. risk control)

Aðgerðir sem framkvæmdar eru með það í huga að ná settu áhættumarkmiði.

Áhættueftirlit (e. risk monitoring)

Áhættueftirlit er reglubundið eftirlit með því hvernig lífeyrissjóði tekst að ná áhættumarkmiðum sínum.

Áhættumat/ áhættumæling (e. risk assessment)

Notkun eigindlegra og/eða meginlegra aðferða til að vega og meta kosti ásamt meðfylgjandi áhættu. Viðmið eða staðlar eru gjarnan notuð til að ákveða ásættanlega áhættu.

Áhættuþol (e. risk tolerance)

Sú óvissa sem lífeyrissjóður ræður við varðandi neikvæða þróun eigna eða skuldbindinga sjóðsins.

Áhættuvilji (e. risk appetite)

Sú óvissa sem lífeyrissjóður er tilbúinn að sætta sig við varðandi neikvæða þróun eigna eða skuldbindinga sjóðsins.

Áhættumarkmið

Sú ásættanlega óvissa, varðandi neikvæða þróun eigna eða skuldbindinga sjóðsins, sem lífeyrissjóður ákveður að setja sem markmið við gerð fjárfestingarstefnu.

Framfallsgreining (e. efficient frontier)

Aðferðafræði byggð á kenningu Harry Markowitz ofl. um samsetningu eigna. Gengur út á að greina samspil ávöxtunar og áhættu í vel dreifðu eignasafni.

Hlíting (e. compliance)

Hversu vel lífeyrissjóði tekst að fara eftir lögum, reglum og samþykktum fjárfestingarstefnu.

Viðauki II

Aðgerðir sem mælst er til að lífeyrissjóður framkvæmi reglulega í tengslum við úttekt á skipulagi og virkni stýringar fjárhagslegrar áhættu:

- a) athugun á því hvort skipulag og verkferlar áhættueftirlits séu fullnægjandi
- b) athugun á því hvort skráning gagna um áhættustýringu sé fullnægjandi
- c) athugun á því hvernig útreiknuð markaðsáhætta er nýtt við áhættustýringu og hvort upplýsingagjöf til stjórnar sé fullnægjandi
- d) athugun á því ferli sem sjóðurinn beitir við samþykkt á aðferðum vegna áhættu- og virðisútreikninga
- e) athugun á því að hve miklu leyti áhættustýring finnur markaðsáhættu og hvernig marktækar breytingar skila sér í áhættumatsferlinu
- f) athugun á því hversu áreiðanleg og fullnægjandi stöðugögn eru, hversu nákvæmar og viðeigandi tilgátur um óstöðugleika og fylgni reynast, og hversu réttir útreikningar um virðismat og áhættunæmni reynast
- g) athugun á þeirri aðferð sem lífeyrissjóðurinn notar til þess að meta hversu samræmdir, tímabærir og traustir gagnagrunnarnir reynast, sem eru notaðir við áhættustýringu.
- h) athugun á aðferðinni sem sjóður notar til að meta afturvirka prófun (e. back testing) til að meta nákvæmni áhættustýringar .
- i) athugun á því hvort að aðferðin við áhættumælingu mæli áhættu með fullnægjandi hætti

Ekki í gildi